



LANDSSAMTÖK HJÓLREIÐAMANNA

Icelandic Cyclists' Federation
Isländischer Radfahrerverband

Reykjavík 4. ágúst 2005

UMSÖGN

Vegna ósk Landssambands Íslenskra tryggingafélaga um aukin hjálmaskyldu hjólreiðamanna

Í gegnum aðild Landssamtaka hjólreiðamanna (LHM) að umferðarráði, barst það okkur fyrir eyrum að Samband Íslenskra tryggingafélaga hefðu óskað eftir því að allir sem nota reiðhjól verða skyldugir til þess að nota hjálm.

Hjólreiðasamtökin á Íslandi, hingað til aðallega Hjólreiðfélag Reykjavíkur (HFR) og Íslenski Fjallahjólaklúbburinn (ÍFHK) hafa ávallt krafist þess að menn séu með hjálm í keppnum (HFR) og ferðum (ÍFHK). Við teljum að fræðsla sé leiðin sem tryggingafélögin og ríkið, ef til vill í gegnum Umferðarstofu, ættu að velja, frekar en að krefjast reglur um hjálmaskyldu fullorðinna.

Rökin gegn hjálmaskyldu byggir á vísindalegum athugunum fjölda manna frá Bretlandi, Bandaríkjunna, Ástralíu og víðar. Stjórn LHM þykir miður að ekki var haft beint samband við málsvari hjólreiðamanna um leið og erindið var sent Landlæknir, Samgönguráðuneytið og fleirum aðilum. Það þarf ekki miklar rannsóknir til þess að sjá að hjólreiðasamtök erlendis hafa borið fram rök á móti hjálmaskyldu. Það væri sjálfsagt að kanna hvort þekking hérlendra hjólreiðamanna gæti varpað ljósi á umræðurnar sem hafa verið um áratug varðandi hjálmaskyldu.

Sterkasti rökin sem við sjáum núna eftir að hafa kynnst okkur málið yfir marga mánuði, er að nokkuð skýrt sé að hjálmaskyldan sem hefur verið sett á erlendis hafi ekki bætt umferðaröryggi hjólreiðamanna og heldur ekki minkað hættan á höfuðmeiðslum.

Eftir að Ástralal, Ný sjálandingar og fleiri ríki (states) í BNA settu á hjálmaskyldu, bendir reynslan sterklega til að fjöldi hjólreiðamanna fækki almennt þegar hjálmaskylda er sett á, án þess að áhættan varðandi höfuðmeiðsl og dauði fyrir hvern hjólreiðamann minnki.¹ Sumir hafa að vísu haldið því fyrir satt að höfuðmeiðslum fækkuðu í Ástralíu, en okkur sýnist á gagnrýnina sem þessir greinar hafa fengið, að þá var ekki tekið tillit til þess að hjólreiðamönnum fækkuðu samhliða hjálmaskyldu, sem skekki myndina verulega. Vissulega var í Ástralíu á tíunda áratug síðustu aldar tímasteið þar sem umferðaslysum fækkuðu jafnt og þétt, en þá var meðal annars farið í herferð gegn ölvunarakstri og hraðakstri. Niðurstaðan ef breyting í fjölda hjólreiðamanna er reiknuð inn, og samanburð gert við gangandi vegfarendur, er sem sagt að tala höfuðmeiðsla á hvern hjólreiðamann þróaðist í takti við þróunin hjá gangandi. Þetta segir tölfræðin, þrátt fyrir stórukið hlutfall hjólreiðamanna með hjálm. Ein skýring getur legið í hugtakinu "Safety in numbers" eða Öryggi margra. Þegar hjólreiðamönnum fækkuðu, gerðu öikumenn minna ráð fyrir þeim, og þetta hafði sennilega áhrif í þeirri átt að minnka öryggi hjólreiðamanna. (Robinson 2005). Önnur

¹Robinson, D.L. 1996, 2005,

Paul J. Hewson : Investigating population level trends in head injuries amongst child cyclists in the UK , Accident Analysis & Prevention (in press) <http://dx.doi.org/10.1016/j.aap.2005.03.020>

skýring getur verið að hjálmarnir virka minna gegn alvarlegum höfuðmeiðslum en haldið var. Þriðji skýringin getur verið að menn sem eru neyddir til þess að nota hjálma telja sér öruggari og taka meiri áhættu. Á Nýja Sjálandi voru yfirvöld á því að hjólreiðamenn hefðu ekki notað hjálmana rétt. Líklegt þykir að menn sem kjósa sjálfir að nota hjálm gera það öryggins vegna og hugsa meira um rétt notkun, en því miður er ekki nógu auðvelt að nota þá rétt.

Rökin sem hafa verið í gangi nokkuð lengi á móti hjálmaskyldu, og ein rök sem LHM leggur áherslu á meðal fleiri, er að hjálmaskylda hefur sýnt sér að gera það að verkum að hjólreiðamönnum fækki svo um munar. En heilsufarsávinningur af hjólreiðum er töluverð. Þær bæta lýðheilsu, minnka mengun og gera margt fleira gott. Þetta var ástæðan fyrir því að British Medical Association (BMA) mæltu ekki með hjálmaskyldu þegar hún var til umfjöllunar hjá þeim árið 1999². Skýrslur BMA segja reyndar að heilsufarsávinning hjólreiða er það mikill að 20 sinnum fleiri lífár eru bætt við en lífárin sem tapast vegna umferðaslýsa á hjólreiðamönnum. British Medical Association fjallaði aftur um hjálmaskyldu á þingi sínu í lok júní 2005, og snéru þá reyndar við. Umræðan var afar stutt og fundargerðin sýnir að hún var ekki mjög málefnaleg. Samt herma fregnir að fylkingar voru mjög jafnir. Það tilheyrir að undirsamtök BMA mælti sterklega á móti hjálmaskyldu nokkrir vikur á undan, og breska þingið hefur nýlega hafnað tillögu um hjálmaskyldu.

Við höfum leitað að haldbærum rökum með hjálmaskyldu, en það eina sem stendur eftir er að okkur sýnist viss samstaða vera um að hjálmur geta undir vissum kringumstæðum komið í veg fyrir skrámar, og jafnvel höfuðkúpubrot, en ekki alvarlegustu höfuðmeiðslin. Okkur sýnist neikvæðu áhrifin af hjálmaskyldu er því mun sterkari en jákvæðu áhrifin. LHM er samt mjög opin fyrir áframhaldandi umræður um efnið. Þangað til haldbærari rök með hjálmaskyldu hafa verið borin fram telja LHM að hjálmaskylda fullorðinna mundi hafa neikvæð áhrif á öryggi hjólreiðamanna í umferðinni, líkt og reynslan hefur verið erlendis, samkvæmt bestu fánlegu tölfræðina.

Ef menn vilja auka hlutdeild þeirra sem nota hjálma ætti fyrst að fræða um þá, án þess að mála skrattann á vegginn og gjarnan líka niðurgreiða hjálmana. Nú segir í nýlegri skýrslu frá European Conference of Transport Ministers, að jafnvel sterk hvatning til hjálmanotkunar frá hinu opinbera geti haft hemlandi áhrif í tengsl við að auka hlutdeild hjólreiðar (Commissioner for Transport í ESB, Barrot, og margir fleiri um alla Evrópu vilja gera það).

Málamiðlunarniðurstaða LHM er þó að við sjáum hvatning stjórnvalda og niðurgreiðsla hjálma sem mun betri kost en hjálmaskyldu. Við teljum samt að það skjóti skökku við ef hvatning til hjálmanotkunar verði það helsta sem ríkisvaldið gerir varðandi öryggi hjólreiðamanna, og varðandi hjólreiðar yfirleitt, þvert á stefnu Norðurlanda og mörg önnur ríki. Hjólreiðar eru á uppleið í hinum norðurlöndunum með styrkri aðstoð ríkis og sveitafélaga. Hlutdeild hjólreiðar hafa verið aukin og slysum fækkuð stórlega með aðgerða stjórnvalda í Kaupmannahöfn, Stockholm og Óðinsvém. Í Oulu í Finnlandi sem er mun norðar en Reykjavík, hefur reiðhjólaumferð á ársgrundvelli aukist upp í meira en 25%. Þrándheimur státar af 18% hjólreiðaumferð, en borgin liggur álíka langt norður og Reykjavík. Borgir í Noregi keppast um að verða fyrir valinu sem “sykkelby”.

Við viljum líka nefna áhyggjur okkar af því að sett verði lög sem ekki verði framfylgt. Reyndar er ekki ólíklegt að mun betri og almennari árangur mundi nást í umferðaröryggismálum með því að nota krafta lögreglu í eflingu hefðbundins umferðareftirlits. Ef tryggingafélög og yfirvöld vilja

2Sjá <http://bmj.bmjournals.com/cgi/content/full/318/7197/1505/a> og <http://www.bma.org.uk/ap.nsf/Content/LIBCycling>

vinna að því að bæta öryggi hjólreiðamanna, munu fáir fagna því meiri en hjólreiðafélögin. En í þeirri vinnu hlýtur að vera farsælast að vinna að rótum vandans. Það þarf að vinna að því að fækka slysum með breytingu í hegðun ökumanna og hjólreiðamanna, auk þess að bæta aðbúnað og aðgengi hjólreiðamanna. LHM telur að kennsla um hjólreiðar og umferðaröryggi þyrfti að koma inn í ökukennslu og í skólum, eins og sums staðar er gert erlendis.

Vel má vera að hjálmaskylda teljist til einfalda og ódýrra aðgerða en hjálmurinn er mun flóknara tæki og erfiðara í notkun en til dæmis bílbeltið. Það hefur verið haldið fram í erlend tölfræði að stór meirihluti reiðhjólahljálma séu ekki rétt stilltir. Undanfarið hefur sú stefna verið mörkuð í umferðaröryggismálum að forgangsraða verkefnum efir hvor aðgerðin bjargi flestum mannlífum og fækki slysum mest, miðað við kostnaðurinn sem lagt er í. Í því sambandi er áhugavert að skoða tilraunir sem hafa verið gerðar til þess að meta hagfræði hjálmaskyldu Ástrala og Ný-sjálendinga. Ástralska skýrslan kemst að þeirri niðurstöðu að hagfræðileg ávinningur hjálmaskyldu sé lítil ef hún er þá einhver. Sagt er að mögulega hefur hjálmaskyldan sparað minna í sjúkrahúsunum en hjálmarnir kostuðu. Og þá er sennilega er verið að ofmeta virkni hjálmana, því sambærileg fækkun höfuðmeiðsla var jú hjá gangandi á sama tíma. Skýrslan segir líka að aukin útgjöld heilsukerfis og vinnustaða tengd því að menn lögðu hjólin og hreyfðu sig minna hefur mögulega verið töluverð, en voru þessi útgjöld voru ekki metin. Skýrsla frá Nýja Sjálandi kemst að þeirri niðurstöðu að hjálmalög fyrir börn hafi borgað sig fyrir samfélaginu, en neikvæð útkoma hjálmaskyldu fullorðinna vegur þyngrri í peningum.

Við höfum fundið enn frekari rök en það sem við berum til brunns hér, meðal annars svipuð dæmi frá öðrum löndum, með tilvísanir í enn fleiri greinar.

LHM myndi þiggja að fá fund með starfsmenn ráðuneytisins og kynnast því hvernig málið litur við ráðuneytið á þessu stigi málsins. Það myndi efla umræðuna um hjálmaskyldu og bæta grundvöllinn fyrir ákvörðun ráðuneytisins ef LHM fengi að sjá þau gögn eða greinar sem ráðuneytið tel vega þyngst í hjálmamálinu. Við erum opnir fyrir umræður, og erum ekki í neinum skotgryfjum varðandi þetta mál. Til dæmis hafa menn spurt sig hvort íslenskar aðstæður og hegðun íslendinga geti verið frábrugðin samfélagsvefi erlendis. Ein leið til að nálgast svör við því, hvort færri íslendingar mundu hjóla ef hjálmaskylda yrði sett á, gæti verið að gera könnun. Könnunin yrði nokkuð kostnaðarsöm því úrtakið þyrfti að vera mjög stórt til að geta gefið marktæk svör.

LHM tel sig kannast við helstu rök Herdísar Storgaard hjá Lýðheilsustöð og Sambands Íslenskra tryggingafélaga, og segjum gjarnan frá mótrök andstæðinga hjálmaskyldu við rök þeirra, ef áhugi sé fyrir því. Mikilvægustu mótrökin að okkar mati hafa þegar komið fram hér að ofan.

Til glöggvunar eru hér sum helstu rök andstæðinga hjálmaskyldu, og sem LHM tel að þurfi að koma fram:

Það virðist ekki vera hægt að sýna fram á fækkun höfuðmeiðsla sem með góðu móti má tengja við hjálmaskyldu í þeim löndum og ríkjum sem hafa tekið þetta upp.

Athuganir á því hvort hjálmaskyldan í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi hafa borgað sig eru í bestu falli tvísýnar, jafnvel þótt heilsutap af völdum fækkun hjólreiðamanna sé ekki reiknuð inn.

Hjálmaskylda hefur iðulega fækkað hjólreiðamönnum. Tilheyrandi tap í lýðheilsu sem það veldur er mun meiri en hægt sé, samkvæmt hjartasýnustu spám, að vinna með 100% hjálmanotkun.

Rök sem ekki heyrst mikið úti í heimi, en kom fram ítrekað hjá öðrum en LHM í umferðarráði, er að hjálmaskyldan sem þegar er í gildi fyrir börn undir 15 ára, hefur ekki verið framfylgt.

Líklegt sé að reglubreytingin sem hér er verið að ræða muni ekki breyta því. Enda er margs konar lagaákvæði í umferðinni sem liggur mun meiri á að framfylgja, eins og hefur líka verið

gert að manni skilst í stóru átaki í sumar.

Við ítrekum einnig að LHM og aðildarfélag þess hafa yfir áráraðir hvatt til hjálmanotkunar og krafist hjálma í keppnum og ferðalögum. En þegar lagt var til að lögbinda hjálmaskyldu fyrir alla hjólreiðamenn, er það allt annar handleggur. LHM bar skylda til þess að kynna þau mjög haldbæru rök, stutt vísindarannsóknunum, sem mælir á móti hjálmaskyldu, og hefur það komið okkur á óvart hversu sterk og víðtæk þau rök eru.

Fyrir hönd Landssamtaka hjólreiðamanna,

Morten Lange
formaður LHM og fulltrúi í umferðarráði